

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 63 í stjórn Herjólfss ofh., haldinn 16. september 2020 kl. 19:00

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Agnes Einarasdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arnar Pétursson, Birna Vído Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Þór Guðmundsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins var einn dagskrárliður:

1. Ósk Vegagerðarinnar um viðræður um endurskoðun þjónustusamnings um ferjusiglingar.

Lagt var fram bréf frá Vegagerðinni varðandi endurskoðun á þjónustusamningi, ásamt minnisblaði frá Landslögum um túlkun á þjónustusamningi við Vestmannaeyjabæ um ferjusiglingar. Fyrir liggja minnisblöð frá LEX lögmennsstofu sem Vestmannaeyjabæ lét gera um sama málefni. Stjórnarformaður lagði til að skipuð verði viðræðunefnd við Vegagerðina. Í henni verða Arnar Pétursson stjórnarformaður, Guðlaugur Friðþórsson varaformaður, Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri og einn aðili skipaður úr stjórn. Ljóst er að þetta mun tefja endurskipulagningu og uppfærslu á nýrri rekstraráætlun 2020. Stjórn telur mikilvægt að viðræður hefjist sem allra fyrst.

Niðurstaða: Stjórnin harmar þann mikla drátt sem hefur verið á formlegu svari frá samgönguráðherra og Vegagerðinni við þeim kröfum sem snúa að öryggismönnun og vísitölu. Þessar tafir hafa seinkað allri vinnu stjórnar við endurskipulagningu félagsins og dregið á langinn þá miklu óvissu sem staðan hefur skapað hjá starfsfólki félagsins. Stjórnarmeðlimir lögðu til að Páll Þór Guðmundsson tæki sæti í viðræðunefnd, var það samþykkt samhljóða. Stjórn felur viðræðunefnd að koma sjónarmiðum og kröfum Herjólfss ofh. vel til skila og vinna að því að viðunandi þjónustusamningur náist milli aðila til að markmið hans nái fram að ganga.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður í næstu viku, eða eftir fund viðræðunefndar við Vegagerð.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 20:10.

Fundargerð ritaði Agnes Einarasdóttir.